

Opið bréf til Bæjarstjórn Fjarðabyggðar.
25.01.2025

Kæra bæjarstjórn, við undirritaðar skrifum ykkur hér með opið bréf fyrir hönd íþróttafélagsins Austra og Eskfirðinga ungna sem aldna.

Ástæða bréfsins eru alvarlegar áhyggjur af þróun íþróttamála hér á Eskfirði. Þá sérstaklega er varðar lýðheilsu, andlegan og líkamlegan þroska barna okkar á skólaaldri. Við lifum á tímum tækni og tækja. Samfélagsleg tenging í dag er mikilvægari núna en hún hefur nokkurn tímann verið og erum við í stöðugri baráttu um “athyglina” við tækin - þar sem líkamleg og andleg heilsa barna eru helstu fórnarlömb þessarar baráttu.

Árið 2008 var fjöldi leiksskólabarna orðin það mikill á Eskfirði að breyta þurfti íþróttasal leiksskólans í matsal vegna plássleysis og er það enn í dag. Ef skoðað er aðalnámsskrá leiksskóla er ritað að „koma þarf til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska.“ Þar stendur einnig að „leiksskóli leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar“.

Þá má segja að frá árinu 2008 hefur aðstöðuleysið á Eskfirði farið á mis við aðalnámsskrá leiksskóla fyrstu sex ár barna okkar í skólakerfinu.

Árið 2013 var elsta deild leiksskólans færð yfir í húsnæði grunnskólans „tímabundið“ til þess að svara aftur eftirspurn eftir leiksskólaplássi.

Sú lausn brýtur augljóslega á heilsu og öryggi fimm ára barna, þar sem grunnskólabyggingin og skólalóðin er ekki hönnuð fyrir þennan aldur.

Nú ellefu árum seinna, fögnuðum við því að framkvæmdir séu byrjaðar á viðbyggingu við leiksskólann Dalborg, þó okkur hafi verið hent aftast í röðina í fleiri tilfellum en ásættanlegt er.

Lokun íþróttahúss Eskifjarðar er því okkur mikið áhyggjuefni. Það hefur margar mjög alvarlegar afleiðingar í ljósi þess að fyrstu skólaárin hjá börnum á Eskfirði hafa þau ekki aðgengi að íþróttasal í þeirra skóla eða/og heimabæ. Ef tekið er dæmi um tvö börn á Eskfirði, annað í öðrum bekk (fætt 2017) og hitt í sjötta bekk (fætt 2013), hefur eldra barnið haft möguleika á hreyfingu í íþróttasal tengt skóla í sínu bæjarfélagi í þrjú og hálf ár af nær 10 árum í skólakerfinu í Fjarðabyggð. Yngra barnið hefur í raun ekki haft aðgang að íþróttasal í heilt skólaár af sinni sjö ára skólagöngu.

Fram kemur í aðalnámsskrá grunnskóla að „nemendur á grunnskólaaldri eru á aldurskeiði sem einkennist af miklum vexti og örum þroska. Framvinda eðlilegs þroska, hvort heldur um er að ræða skyn-og hreyfiþroska, líkams-og fagurþroska eða félags-, tilfinninga og siðgæðis þroska, er að miklu leyti háð hæfilegri áreynslu og samspili markvissra æfinga og leikja. Með kerfisbundinni þjálfun eða útfærslu leikja er hægt að auka starfsemi líkamans og sinna mismunandi þroskaþáttum. Á því aldurskeiði, sem grunnskólinn nær yfir, er t.d.unnt, betur en síðar á ævinni, að auka hæfni hjarta og blóðrásar með markvissri þjálfun. Hið sama á við um atriði sem ná til skyn-og hreyfiþroska. Því er það eitt meginmarkmið skólaíþróttar að örva skyn-og hreyfiþroska hvers nemanda, þrek hans og afkastagetu og stuðla þannig að heilbrigði einstaklingsins.“

Við viljum taka það fram að íþróttahúsi grunnskólans var lokað í nóvember 2022, eftir margra ára vanrækslu á viðhaldi að hálfu sveitafélagsins. Ítrekaðar ábendingar foreldra og íþróttakennara yfir slæmu ástandi hússins hafa staðið yfir frá 2010. Í kjölfarið var reynt að

finna lausn, en því miður var sú aðstaða valdur slysa og bauð sú lausn ekki uppá hæfilega hreyfingu barnanna.

Önnur lausn var að samnýta íþróttahúsið á Reyðarfirði en til þess að ná að halda utan um lögbundna kennslu á Eskifirði var aðeins möguleiki á einum íþróttatíma í viku (tvær kennslustundir = 80 mínútur). Þessi lausn er mjög óhentugt fyrir yngri börn og má nefna að ekki er möguleiki fyrir stóran hluta nemanda að fara í sturtu eftir íþróttatímamann.

Það vekur upp óhug, að hugsa til þess hversu neikvæð áhrif þetta hefur á líkamlega, andlega og félagslega heilsu barna okkar að alast upp í bæ þar sem þau hafa ekki aðgang að íþróttamannvirki eins og íþróttahúsi, sérstaklega þar sem að veðrið er oft mikil áskorun og ekki hægt að stóla á að hægt sé að stunda líkamsrækt af neinu tagi utandyra stóran hluta ársins.

Það kemur engum á óvart og hefur það sýnt sig með fjölda rannsókna að íþróttaiðkun er undirstaða heilbrigði og mikilvægur partur í þroska barna og í allskyns forvörnum. Íþróttaiðkun eykur sjálfstraust, kennir aga, félagslega hæfni, samvinnu og ekki síst hefur áhrif á hæfni einstaklings til þess sækja sér áframhaldandi nám, standa sig vel í vinnu og lifa heilbrigðum lífsstíl út ævina.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram „að hreyfingarskortur er talinn einn helsti áhættuþáttur sjúkdóma í nútímasamfélagi, einkum hjarta-og æðasjúkdóma. Reynslan hefur sýnt að þeir sem stunda íþróttir eða líkams- og heilsurækt í æsku eru líklegri en aðrir til að gera slíkt hið sama á fullorðinsárum. Það er því mikilvægt, að vekja áhuga hjá nemendum á reglubundinni hreyfingu. Þessu samfara er einnig nauðsynlegt að auka þekkingu þeirra á starfsemi líkamans. Að vinna markvisst að eflingu þrekþátta, efla hreyfanleika og styrkja líkamsreisn eru markmið sem stefna skal að.

Nauðsynlegt er fjölbreytt hreyfinám“.

Aðstöðuleysið innanhús hefur því bein áhrif á alhliða lýðheilsu og framtíðarmöguleika barna okkar á Eskifirði. Fyrir utan hvað þetta ástand takmarkar mjög svo tímstundir tengdar íþróttaiðkun bæði hjá börnum og ekki síst samfélaginu í heild.

Nú þegar við höfum bent á það hversu mikilvæg íþróttamannvirki eins og íþróttahús er, gerum við kröfu um það að stjórnendur Fjarðabyggðar setji það í forgang að íþróttahús verði reist á Eskifirði og það sem fyrst!

Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er skýr stefna, sem Á að fylgja og í henni stendur:

„Íþróttasvæði eru í öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð. Almenn er um hefðbundna grasvelli að ræða sem aðallega þjóna knattspyrnu. Aðalleikvangur Fjarðarbyggðar er á Eskifirði og keppnisvöllur er á Eskifirði. Í skýrslu frá KPMG frá 2015 var lagt til að Eskifjörður yrði íþróttamiðstöð Fjarðabyggðar. Á Eskifirði yrði þannig framtíðar uppbygging íþróttamannvirkja s.s sundlauga og annarra stærri íþróttamannvirkja s.s. Knattspyrnuvalla úti og er þetta SAMÞYKKT í deiluskipulaginu Dalur 1, íþróttasvæði, dags. 21.03.2013.

Svo er það kornið sem fyllti mælinn. Eftir að loka þurfti sparkvellingum á skólalóð

Eskifjarðarskóla sem samastað að vera með æfingu yfir vetrartímamann eins og síðastliðin ár, ef ekki eru talin þær æfingar sem féllu niður út af veðri. Þá stöndum við frammi fyrir því að börn þeirra foreldra sem ekki sjá sér fært á að skutla börnunum sínum yfir í annan bæjarkjarna og sækja þau á vinnutíma, sitja eftir með sárt ennið.

Með uppbyggingu á íþróttahúsi eru þið ekki aðeins að vernda lýðheilsu fólks á Eskifirði, heldur eru þið einnig að opna möguleika fyrir fjölbreyttu íþróttastarfi, heilsusamlegra samfélagi og allra helst, standast grunnþarfir bæjarbúa. Þetta mun einnig ala af sér sterkari einstaklinga sem mun skila sér margfalt til baka í vinnuafli og tekjum til Fjarðabyggðar þar sem þetta mun hafa áhrif á það hvort fólk horfi til Eskifjarðar sem góðan valkost til framtíðar búsetu.

Eskifjörður hefur verið færður aftast í röðina í uppbyggingu mikilvægra bygginga þar sem að fjöldinn er meiri annars staðar. Áhyggjuefnið er að ef sniðganga á grunnþarfir Eskfirðinga og barna þeirra áfram og ef skortur er á grundvallar mannvirkjum eins og íþróttahúsi, gefur það auga leið að fólk sem er að flytja til Fjarðabyggðar sniðgengur Eskifjörð þar sem að framtíðarmöguleikar þeirra eru minnstir og grunnþörfum þeirra er ekki mætt miðað við aðra bæjarkjarna í Fjarðabyggð.

Fyrri meirihluti í bæjarstjórn gaf skýrt merki með því að setja ekki fjármagn í þetta verkefni í núverandi fjárhagsáætlun þrátt fyrir miklar lánatökur. Við erum slegin. Slegin yfir því hvort það sé virkilega horft þannig á að lýðheilsa, forvarnir og möguleikar á tækifærum sé ekki jafn nauðsynleg hér á Eskifirði eins og annarstaðar eða hvort fyrirhugað sé í raun að fæla fjölskyldufólk í burtu frá Eskifirði með þeim tilgangi að breyta bænum í verbúð?

Kæra núverandi bæjarstjórn,

Ykkar er ábyrgðin og það er ykkar að setja lýðheilsu og framtíðarmöguleika barnanna okkar í forgang. Það er mikið í húfi! Ekki láta bilið breikkar um of, svo að börn á Eskifirði þurfa að byrja tveimur hringjum á eftir. Sumt verður ekki aftur tekið! Setjið börnin fyrst! - Hvað ætli þið að gera?

Virðingafyllst

Margrét Bjarnadóttir

Sara Atladóttir

Kamma Dögg Gísladóttir